

18. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn í Giljaskóla, 20.05.2016.

Mættir:

Finnur Víkingsson formaður, Hafþór Jörundsson, Elín Eyjólfsdóttir, Eva Hlín Dereksdóttir.

Forföll boðaði Finnur Aðalbjörnsson.

Þetta var rætt:

1. Viti menn, það kom svar frá Jóni Birgi með afsökun um að minn ítreakaði póstur hefði gleymst. Þarna kom fram að nefndin hefði aðeins 1.500.000 til ráðstöfunar fyrir árið 2016 og öll úthlutun til nefndarinnar fyrir árið 2015 hefði farið í frágang í kríngum bretta parkið. Þetta var formaðurinn ekki sáttur við og fóru í gang miklar bréfaskriftir á milli hans og Jóns Birgis. Þetta endaði með því að Jón Birgir boðaði formanninn á fund með sér og Helga Má. Þessi fundur var haldinn í dag og var hann boðaður kl.11.30 og mætti formaður þá en svo var honum seinkað til 14.00. Þetta var nokkuð skrautlegur fundur þar sem formaður hverfisnefndar Giljahverfis sat á móti Jóni Birgi og Helga Má og þeir sögðu að Giljahverfi ætti aðeins 1.5m til að nota fyrir árið 2016 og að nefndin þyrfti að átta sig á því að hún ætti ekki þessa peninga. Formaður neitaði því að upphæðin væri aðeins 1.5m og ákvað að taka þetta fyrir á fundi með nefndinni. Formaður fór því frekar vonsvikinn og beint á fund með nefndinni til að fara yfir málið.
2. Nefndin ræddi málið og ákvað að fá nánari skýringar og jafnvel að fá fund með bæjarstjóra til að fá þessi mál á hreint.

Fleira ekki tekið fyrir.

Finnur Víkingsson

fundaritari.